

## **MINNISBLAÐ - HÁLFUR LÍFEYRIR**

### **UNDIRHÓPUR RÉTTINDANEFNDAR**

Minnisblað þetta er ritað í tilefni af breytingum á lögum um almannatryggingar, sbr. lög nr. 116/2016 sem tóku gildi 1. janúar 2018. Tryggingastofnun er nú heimilt að greiða hálfan áunnin lífeyri samkvæmt lögnum frá 65 ára aldri til þeirra sem eiga rétt á ellilífeyri frá skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum og hafa fengið samþykki viðkomandi sjóða til að taka hálfan lífeyri hjá þeim og fresta töku lífeyris að hálfu.

Reglugerð um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar nr. 1195/2017 var gefin út og birt þann 29. desember 2017.

Heimild til að greiða hálfan lífeyri kallar ekki á breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins en fyrir liggur að breyta þarf samþykktum lífeyrissjóða til samræmis við ofangreind lög og reglugerð, auk þess sem breyta þarf upplýsingakerfum og tilheyrandi verkferlum. Hins vegar þarf að huga að lagabreytingum varðandi B-deild LSR sem starfar skv. sérlögum og ákvæði í 3. mgr. 10. gr. laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda nr. 155/1998, sbr. nánar umfjöllun hér síðar

Undirhópur réttindanefndar Landssamtaka lífeyrissjóða hefur rýnt málið og fengið Bjarna Guðmundsson og Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðinga á sinn fund. Leggur undirhópurinn fram minnisblað þetta um málið.

### **FRESTUNAR- OG FLÝTINGARSTUÐLAR**

Að mati tryggingastærðfræðinga eiga lífeyrissjóðirnir að geta notast við sömu frestunar- og flýtingarstuðla og til staðar eru hjá sjóðunum í dag við töku lífeyris. Tryggingastofnun mun greiða hálfan lífeyri frá 65 til 80 ára aldurs. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu munu aðilar við 80 ára aldursmarkið færast yfir á fullan lífeyri hjá Tryggingastofnun. Þar sem skilyrði við greiðslu á hálfum lífeyri hjá Tryggingastofnun er að einstaklingar fái greiddan hálfan lífeyri hjá lífeyrissjóðunum, munu lífeyrissjóðirnir þurfa að lengja í frestunarstuðlum sínum til 80 ára aldurs, til þess að koma til móts við viðmiðunaraldur Tryggingastofnunar.

### **LÍFEYRISTÖKUALDUR**

Lífeyrissjóðir skulu hefja útborgun ellilífeyris þegar sjóðfélagi hefur náð 65 – 70 ára aldri, en heimilt er að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris, þó með því skilyrði að taka lífeyris hefjist ekki fyrr en sjóðfélagi verður 60 ára, sbr. 14. gr. laga nr. 129/1997.

Í lögum nr. 129/1997 er ekkert hámarksaldursskilyrði þegar kemur til frestunar á töku lífeyris og því hafa lífeyrissjóðir rými til þess að heimila frestun á greiðslu lífeyris að vild. Lífeyrissjóðir, sem miðað hafa hámarkslífeyristökualdur við 70 ár, hafa þar af leiðandi lagaheimild til að færa það aldurshámark til 80 ára aldurs, sbr. umfjöllun hér að framan um frestunar- og flýtingarstuðla. Þó er ákvæði í 3. mgr. 10. gr. laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998 sem takmarkar frestun á töku ellilífeyri við 70 ára aldur og því þarf að huga að sérstakri breytingu á því ákvæði til að heimilt verði að fresta töku ellilífeyris til a.m.k. 80 ára aldurs.

Samkvæmt upplýsingum frá velferaðarráðuneytinu er það ekki skilyrði að greiðslur frá lífeyrissjóði og Tryggingastofnun, vegna töku á hálfum lífeyri, hefjist samtímis, heldur nægir að einstaklingur hafi þegar hafið töku á hálfum lífeyri frá lífeyrissjóði þegar kemur að töku á hálfum lífeyri frá Tryggingastofnun. Viðmiðunaráldur við töku á hálfum lífeyri hjá Tryggingastofnun er 65 ár en þeir lífeyrissjóðir sem hafa miðað við 60 ára lágmarksaldur, sbr. áðurnefnt ákvæði 14. gr. laga um lífeyrissjóði, við snemmtöku lífeyris geta áfram haldið því aldursviðmiði óbreyttu óháð töku á hálfum lífeyri.

Það er mat vinnuhópsins að heimild til töku á hálfum ellilífeyri eigi ekki að hafa áhrif á þau réttindi sem ekki hafa verið virkjuð. Því eigi sjóðfélagi sem er á hálfum ellilífeyri rétt til örorkulífeyris vegna þeirra réttinda sem ekki eru virkjuð að öðrum skilyrðum uppfylltum.

### ÁKVÆÐI Í SAMÞYKKUM

Starfshópurinn leggur til að sjóðirnir setji ákvæði í samþykktir er varða töku á hálfum lífeyri sem gæti verið á eftirfarandi veg:

Sjóðfélagi [sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum] getur ákveðið að hefja töku ellilífeyri í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að [60] ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. grein [x.x]. Ákvæði [y.y] skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir [67] ára aldur. Ákvæði [z.z] skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að [67] ára aldri er náð.

x.x: *Vísað í grein samþykpta sem fjallar um að réttur til örorkulífeyris falli niður frá því að greiðsla ellilífeyris hefst.*

y.y: *Vísað í grein samþykpta sem fjallar um flýtingu á töku lífeyris og lækkun áunnins lífeyris (flýkkunarstuðlar).*

z.z: *Vísað í grein samþykpta sem fjallar um frestun á töku lífeyris og hækkun áunnins lífeyris (frestunarstuðlar).*

Í reglugerð nr. 1195/2017 er ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir því að aðilar sem þegar hafa hafið töku lífeyris fyrir gildistöku reglugerðarinnar geti nýtt sér töku á hálfum lífeyri séu skilyrði fyrir hendi og að umsókn berist fyrir 1. janúar 2020.

Vegna þessa ákvæðis leggur starfshópurinn til að í samþykktir sjóða verði sett ákvæði til bráðabirgða sem gæti verið svohljóðandi:

Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur fram til 1. janúar 2020 lækkað hlutfall ellilífeyris í 50%. Skal þá tryggingastærðfræðingur sjóðsins meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæða [y.y] og [z.z] í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða y.y og z.z. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði [x.x].

Samhliða ofangreindu yrði að breyta ákvæðum um frestun ellilífeyris í samþykktum sjóðanna þar sem vísað væri til a.m.k. 80 ára hámarksaldurs og frestunarstuðlar framlengdir að sama skapi, sbr. fyrri umfjöllun.

Ofangreind tillaga er í anda þess að umrædd breyting á almannatryggingalöggjöfinni er eðlilegt tímanna tákni og fagnaðarefni sem slík. Hún er til marks um breytt viðhorf og kröfur um sveigjanlegri starfslok sem kallað er eftir í vaxandi mæli. Með þessari breytingu væru lífeyrissjóðirnir að bjóða sjóðfélögum uppá frestun á töku ellilífeyris, hvort sem væri hálfum eða fullum, allt fram til 80 ára aldurs.

#### **„B-DEILDAR SJÓÐIR“ – „HLUTFALLSSJÓÐIR“**

Rétt er að geta þess sérstaklega að þeir lífeyrissjóðir sem enn starfa og njóta bakabyrgðar ríkis og sveitarfélaga („B-deildar sjóðir“) þurfa einnig að útfæra ákvæði laga / samþykktanna sinna hvað varðar töku á hálfum lífeyri.

Munu þær breytingar verða útfærðar af Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Brú lífeyrissjóði og B deild Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.